
216. Oddný G. Harðardóttir (Innlæg)

Virðulegi forseti og kærur norrænu vinir. Loftslagsvá og norræn samvinna gegn þeirri ógn er mikilvæg. Það er norrænt samstarf um menningu og menntun einnig. Við jafnaðarmenn höfum ítrekað bent á að niðurskurður á fjárframlögum til menningar- og skólamála mun hafa slæmar aukaverkanir fyrir norrænt samstarf. Mennta- og menningarmálin eru svo tengd fólkinu á Norðurlöndunum, þetta eru málefni sem fólkið verður vart við í sínu daglega lífi og skipta máli ef styrkja á norrænt samstarf, norræn gildi og norræn málefni. Undirbyggja þarf enn frekar markmiðið um sjálfbær og samþætt Norðurlönd. Einnig höfum við ítrekað bent á að frá árinu 1995 hafa framlög dregist saman ár frá ári ef miðað er við verga landsframléiðslu landanna. Á meðan íbúar Norðurlanda vilja raða norrænni samvinnu framur hafa ríkisstjórnirnar viljað draga úr fjárframlögum til þeirrar samvinnu, og það dæmi gengur alls ekki upp. Svo grimmur niðurskurður á menningu og skólamálum sem áður var áætlaður teljum við óásættanlegan. Þó er erfitt að túlka það öðruvísi en að ráðherranefndin hyggist ekki hvika frá núgildandi áætlun og þeim niðurskurði sem þar er lagður til. Við erum jákvæð gagnvart þeirri málamiðlun sem náðist fyrir árið 2023 þótt krafa okkar hafi verið önnur. Okkur finnst að framlög til norrænna menningar- og menntastofnana megi alls ekki fara neðar og viljum að tekið sé tillit til þess við komandi áætlunargerð. Við jafnaðarmenn fögnum auknu samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um fjárhagsáætlunina en við teljum jafnframt að nýjum verkefnum þurfi að fylgja nýir peningar.

Skandinavisk oversettelse

Ärade president, kära nordiska vänner! Klimathotet och de nordiska ländernas samarbete för att bekämpa det hotet är en viktig fråga. Nordiskt samarbete om kultur och utbildning är precis lika viktigt. Vi socialdemokrater har gång på gång påtalat att nedskärningar av anslag till kultur och utbildning kommer att påverka det nordiska samarbetet mycket negativt. Kultur och utbildning ligger oss nordbor nära hjärtat. Det handlar om frågor som rör människors vardag och har stor betydelse för målet att förstärka det nordiska samarbetet, nordiska värderingar och nordiska frågor. Vi måste skapa en ännu starkare grund för målsättningen om ett hållbart och integrerat Norden. Vi har också upprepade gånger påpekat att sedan 1995 har anslagen till samarbetet minskat år från år i förhållande till utvecklingen av ländernas bruttonationalprodukt. Samtidigt som det finns en önskan från invånare i Norden att nordiskt samarbete prioriteras högre har regeringarna velat minska sina anslag till det samarbetet, och det är en kalkyl som inte håller. Den drastiska nedskärningen till kultur och utbildning som tidigare planerades ser vi som helt oacceptabel. Ändå går det inte att tolka ministerrådets agerande på något annat sätt än att man tänker hålla fast vid den budget som nu gäller och de nedskärningar som den innebär. Vi ställer oss positiva till den kompromiss som förhandlades för år 2023 trots att den inte uppfyller våra ursprungliga krav. Vi anser att anslagen till nordiska kultur- och utbildningsinstitutioner absolut inte får minska ytterligare och att hänsyn måste tas till detta i den kommande budgeteringen. Vi socialdemokrater välkomnar det ökade samarbetet mellan Nordiska ministerrådet och Nordiska rådet om budgeten, men tycker samtidigt att nya uppdrag måste åtföljas av höjda anslag.

Information

--

Talenummer

216

Type

Indlæg

Person

[Oddný G. Harðardóttir](#)

Talerrolle

Den Socialdemokratiske Gruppe

Status

Waiting for transcription

Dato

02.11.22 15:48

Sag

[Ministerrådsforslag om Nordisk Ministerråds budget 2023](#)